

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
b.t. Áslaugar Huldu Jónsdóttur formanns bæjarráðs
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 27. október 2014

Varðar Hrauntungu við Álftanesveg


Þann 01.07.2011 keypti Dalsnes ehf., sem er í eigu undirritaðs fasteigina Hrauntungu við Álftanesveg ásamt lóð, samtals 3,24 ha að stærð.

Hugmyndin við kaupin var að endurbyggja húsnæðið að Hrauntungu og nýta það í persónulega þágu. Í ljósi breyttra aðstæðna, þá óskar undirritaður eftir samstarfi við Garðabæ um mögulega uppbyggingu á svæðinu. Slík íbúðabyggð gæfi fleiri aðilum kost á að njóta þeirra lífsgæða sem fólgin eru í staðsetningu lóðarinnar og því umhverfi sem hún tengist.

Nýr Álftanesvegur mun breyta miklu er varðar búsetuskilyrði á svæðinu í kringum Hrauntungu og um leið skapar frábært tækifæri til að byggja upp glæsilega íbúðabyggð. Hugmyndir undirritaðs er að skipuleggja litlar íbúðaeiningar sem falla vel að landinu, með það í huga að varðveita sem mest það ósnortna umhverfi sem landið prýðir.

Undirritaður hefur kynnt sér þær forsendur sem lágu að baki deiliskipulaginu í kringum Hrauntungu og telur að auðvelt sé að skipuleggja land Hrauntungu, svo það falli vel að því skipulagi sem og því skipulagi sem er í Prýðishverfinu.

Virðingarfyllt



F.h. Dalsnes ehf
Ólafur Björnsson

Dalsnes ehf
Fossaleyni 21
112 Reykjavík